

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hvernig upplýsinga um kyn leikskólabarna er aflað**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 11. september 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Með vísan til svars skóla- og frístundasviðs, dags. 22. ágúst 2023, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 22. maí 2023 (SFS23050138), um upplýsingagjöf leikskóla um kyn barna, er óskað eftir svörum við því hvernig stjórnendur leikskóla eiga að afla upplýsinga um hvernig barn skilgreinir kyn sitt, þ.e. með hvaða hætti fer sú upplýsingaöflun fram? Með fyrirspurninni er verið að leitast eftir því að fá það skýrt fram hvern eigi að spyrja til að fá þessar upplýsingar, m.a. í þeim tilgangi að meta hvort upplýsingaöflunin teljist nauðsynleg í skilningi gildandi laga og reglna.*

#### **Svar:**

Upplýsingum um hvernig barn skilgreinir kyn sitt er aflað með samtali við foreldra, oft í upphafi leikskólagöngu eða á meðan barnið er í vistun í leikskólanum. Með vísan til fyrra svars til skóla- og frístundaráðs, dags. 22. ágúst 2023, er fyllt út eyðublað, *Upplýsingar á milli leikskóla og leik- og grunnskóla* og fylgir skjalið barninu úr leikskóla í grunnskóla.

Eyðublaðið er fyllt út af deildarstjóra barns út frá þeim upplýsingum sem hann hefur t.d. úr foreldraviðtölum og skimunum. Einungis eru fylltar út upplýsingar sem skipta máli fyrir farsæld barnsins í grunnskóla. Þær upplýsingar sem þar eru, eru kynntar foreldrum/forráðamönnum og þeir geta andmælt miðlun upplýsinga um börn sín. Ef deildarstjóri merkir við að barn skilgreini kyn sitt sem kynsegin/annað hefur samtal milli foreldra, leikskólustjóra og deildarstjóra farið fram um hvernig skóli og foreldrar geta í samstarfi unnið að vellíðan barns í leikskólanum eins og um alla aðra þætti sem geta haft áhrif á vellíðan barns.



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um upplýsingagjöf leikskóla um kyn barna**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 22. maí 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Er það mat miðlægrar stjórnarsýslu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar að stjórnendur leikskóla eigi að veita sviðinu upplýsingar um hvernig barn skilgreinir kyn sitt? Fyrirspurnin byggir að hluta til á hvað sé nauðsynleg upplýsingaöflun af hálfu opinberra aðila um persónuleg málefni einstaklinga, sbr. m.a. ákvæði reglugerðar nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla, með síðari breytingum, sbr. sérstaklega 2. ml. 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. gr. reglugerðarinnar.*

#### **Svar:**

Ekki liggur fyrir til hvers verið er að vísa þegar spurt er hvort það sé mat miðlægrar stjórnarsýslu að stjórnendur veiti sviðinu upplýsingar um hvernig barn skilgreinir kyn sitt.

Þegar barn skiptir um leikskóla eða fer í grunnskóla gildir reglugerð nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla, með síðari breytingum. Miðlæg fagskrifstofa leikskólamála hefur útbúið meðfylgjandi eyðublað, *Upplýsingar á milli leikskóla og leik- og grunnskóla*, í samráði við lögfræðipjónustu skóla- og frístundasviðs. Eyðublaðið veitir ítarlega fræðslu um viðeigandi reglugerðarákvæði og lagaákvæði sem við eiga um miðlun gagna milli leikskóla eða skólastiga. Skýrlega er tekið fram í eyðublaðinu að upplýsingar skuli því ekki fylla út nema þær séu taldar nauðsynlegar skólastarfinu og velferð barnsins. Sjá fylgiskjal 1.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla með síðari breytingum er foreldrum skylt að veita leikskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins. Til nauðsynlegra upplýsinga, sbr. 3. gr. sömu reglugerðar nr. 896/2009, teljast m.a. persónuupplýsingar um heilsufar, sérþarfir, líkamlega og andlega getu til náms, leiks eða annars skólastarfs. Hér er átt við upplýsingar sem afla þarf til að tryggja velferð, menntun og þroska nemenda samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla eða til að sveitarstjórn, og eftir atvikum skólastjórnendur, geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þeim lögum. Til slíkra persónuupplýsinga geta talist: a) almennar upplýsingar um félagslega stöðu og þroska barna; b) kennslufræðilegar, læknisfræðilegar, sálfræðilegar, sérkennslufræðilegar greiningar og aðrar greiningar og sérúrræði fyrir börn, sérkennsluumsóknir, námsáætlanir vegna sérúrræða, einstaklingsnámskrár og aðrar bakgrunnsupplýsingar sem að gagni geta komið fyrir velferð og aðlögun barna í grunnskóla og c) hvers konar skrifleg eða stafræn gögn svo sem skýrslur, greinargerðir og umsagnir er varða velferð og skólagöngu barns.



Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 896/2009 segir að, „um miðlun persónuupplýsinga sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla fer, auk fyrirmæla reglugerðar þessarar, samkvæmt 3. mgr. 16. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Við flutning barns milli leikskóla og úr leikskóla í grunnskóla skal leikskólastjóri þess leikskóla sem barnið var í sjá til þess að nauðsynlegar persónuupplýsingar um barnið flytjist með tryggum og öruggum hætti til viðtökuskóla“. Ennfremur kemur fram að, leikskólastjóri eða þar til bær sérfræðingur af hálfu sveitarfélags, samkvæmt nánari ákvörðun nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla, leggur mat á nauðsyn upplýsinga vegna fyrirhugaðrar skólagöngu barns í grunnskóla og ber ábyrgð á miðlun þeirra til hlutaðeigandi grunnskóla, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 896/2009.

Leikskólar Reykjavíkurborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla, og ber þar af leiðandi að hafa velferð og hag barna að leiðarljósi í öllu starfi, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Leikskólar borgarinnar vinna eftir meginmarkmiðum uppeldis og kennslu í leikskólum sem eru: a) að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra; b) að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku; c) að hlúa að börnum andlega, vitsmunlega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar; d) að stuðla að viðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra; e) að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun; f) að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta, sbr. 2. mgr. 2. gr. leikskólalaga.

Leikskólinn fyllir út nauðsynlegar upplýsingar um barn á eyðublaðið í samræmi við 3. gr. reglugerðar nr. 896/2009, til að tryggja velferð þess, menntun og þroska barna. Tekið er fram á eyðublaðinu að gæta skal þess að upplýsingar sem aflað er séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang þeirra. Upplýsingar skulu vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Vakin er sérstök athygli á því að leggja þarf mat á hvort þær upplýsingar sem koma fram á eyðublaðinu séu nauðsynlegar og ekki umfram þann tilgang sem skilgreindur er í framangreindri reglugerð. Ítrekað er að einungis skuli fylla út þá reiti á umtöluðu eyðublaði sem teljast nauðsynlegir fyrir skólastarfið og velferð barnsins.

Foreldrar barns fá útfyllt eyðublaðið til yfirlesturs og leiðréttingar, en skv. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 896/2009 ber leikskólastjóra að gera foreldrum grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja barni á milli leikskóla eða í grunnskóla og um rétt foreldra til að fá vitneskju um slíkar upplýsingar. Þar er áréttað að farið er með allar slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál. Þá geta foreldrar andmælt miðlun upplýsinga barna sinna.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á meðferð og vörslu upplýsinga og að uppfylltar séu þær kröfur sem gerðar eru til ábyrgðaraðila samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Leikskólar Reykjavíkurborgar teljast skilaskyldir aðilar á grundvelli 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, reglugerðar um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og samþykkt borgarráðs. Eins og fram kemur í eyðublaðinu er því skilað til varanlegrar varðveislu Borgarskjalasafns að tilteknum tíma liðnum. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs fær ekki afrit af skráningunni. Skóla- og frístundasvið byggir vinnsluheimild viðkomandi persónuupplýsinga á 5. tl. 1. mgr. 9. gr. og 2. tl. 1. mgr. 11. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsingar.

Með vísan til alls framangreinds getur kyn barns, í vissum tilvikum, fallið undir bakgrunnsupplýsingar sem að gagni geta komið fyrir velferð og aðlögun barns í skólastarfi og þar af leiðandi nauðsynlegt að miðla slíkum upplýsingum áfram. Tekið er fram að við miðlun slíkra upplýsinga er ávallt gætt að fullri þagnarskyldu og málsmeðferð er í samræmi við gildandi lög



um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um leikskóla. Ítrekað er að það er á ábyrgð leikskólastjóra að leggja mat á nauðsyn upplýsinga sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 896/2009. Jafnframt fá foreldrar yfirlit yfir þær upplýsingar sem áætlað er að fylgi barni á milli leikskóla eða í grunnskóla, sbr. 3. mgr. sama reglugerðarákvæðis.

Það er mat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar að framangreint eyðublað gefi fullnægjandi leiðbeiningar um mat og miðlun þeirra upplýsinga sem leikskólar telja nauðsynlegar fyrir velferð og aðlögun barna í skólastarfi sbr. reglugerð nr. 896/2009. Miðlun gagna milli skóla og skólastiga er gerð í samráði við forelda barnsins og með vitneskju þeirra.

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla er foreldrum skylt að veita leikskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólustarfið og velferð barnsins. Til nauðsynlegra upplýsinga teljast m.a. persónuupplýsingar um heilsufar, sérþarfir, líkamlega og andlega getu til náms, leiks eða annars skólustarfs. Hér er átt við upplýsingar sem afla þarf til að tryggja velferð, menntun og þroska nemenda samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla eða til að sveitarstjórn, og eftir atvikum skólustjórnendur, geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þeim lögum. Til slíkra persónuupplýsinga geta talist: a) Almennar upplýsingar um félagslega stöðu og þroska barna. b) kennslufræðilegar, læknisfræðilegar, sálfræðilegar, sérkennslufræðilegar greiningar og aðrar greiningar og sérúrræði fyrir börn, sérkennsluumsóknir, námsáætlanir vegna sérúrræða, einstaklingsnámskrár og aðrar bakgrunnsupplýsingar sem að gagni geta komið fyrir velferð og aðlögun barna í grunnskóla og c) Hvers konar skrifleg eða stafræn gögn svo sem skýrslur, greinargerðir og umsagnir er varða velferð og skólagöngu barns.

Við flutning barns milli leikskóla og úr leikskóla í grunnskóla skal leikskólustjóri þess leikskóla sem barnið var í sjá til þess að nauðsynlegar persónuupplýsingar um barnið flytjist með tryggu og öruggum hætti til viðtökuskóla. Ef upplýsingar um viðtökuskóla liggja ekki fyrir verða gögnin ekki send fyrir en beiðni viðtökuskóla hefur borist.

Leikskólustjóri ber ábyrgð á meðferð og vörslu upplýsinga og að uppfylltar séu þær kröfur sem gerðar eru til ábyrgðaraðila samkvæmt lögum nr. 90/2008 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Leikskólar Reykjavíkurborgar teljast skilaskyldir aðilar á grundvelli 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, reglugerðar um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og samþykkt borgarráðs. Það þýðir að leikskólanum er skylt að skila skilaskyldum gögnum um barn þitt til Borgarskjalasafns til varðveislu. Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar á heimasíðu borgarinnar, <https://reykjavik.is/personuverndarstefna>.

Við meðferð og öflun persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Gæta skal þess að upplýsingar sem aflað er séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang þeirra. Þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Í ljósi framangreinds er vakin athygli á því að leggja þarf mat á hvort þær upplýsingar sem hér fara á eftir séu nauðsynlegar og ekki umfram þann tilgang sem skilgreindur er í framangreindri reglugerð. Eftirfarandi upplýsingar skal því ekki fylla út nema þær séu taldar nauðsynlegar fyrir skólustarfið og velferð barnsins.

Nafn barns:		Kennitala:	
Hvernig skilgreinir barnið kyn sitt		strákur stelpa kynsegin/annað	
Lögheimili:		Sveitarfélag:	
Upplýsingar eru frá leikskólanum:		Dagsetning:	
Hve lengi hefur barnið verið í leikskóla?	ár		
Er barnið fætt á Íslandi? <input type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> Nei			
<input type="checkbox"/> Íslenska sem annað mál <input type="checkbox"/> Ef svo er, hvert er heima mál barnsins?			

Forsjáraðili:			Forsjáraðili:		
Tengsl forsjáraðila við nemanda:			Tengsl forsjáraðila við nemanda:		
Kennitala:			Kennitala:		
Heimilisfang:			Heimilisfang:		
GSM	Heimasími	Vinnusími	GSM	Heimasími	Vinnusími
Hjá hverjum býr barnið?					
Þörf fyrir túlk fyrir: <input type="checkbox"/> forsjáraðila 1 <input type="checkbox"/> forsjáraðila 2 <input type="checkbox"/> Tungumál túlks					

### Lýsing á núverandi stöðu barns (valfrjálst)

**1 Félagssleg samskipti** kvarði frá 1 upp í 5 (1 lægst 5 hæst)

Semur vel við önnur börn 1  2  3  4  5

Semur vel við fullorðna 1  2  3  4  5

Á vini og leikfélaga Já  Nei

Á góðan vin Já  Nei

Góður vinur/vinkona er:

**2 Einbeiting**

Ágæt

Góð

Þarf að efla

Lýsing:

**3 Úthald við verkefni**

Mjög gott

Gott

Þarf að efla

Lýsing:

**4 Málþroski** - Kvarði frá 1 upp í 5 (1 lægst 5 hæst)

Ef miðað er við jafnaldra. Hvernig gengur barninu að:

- hlusta 1  2  3  4  5

- skilja 1  2  3  4  5

- tjá sig 1  2  3  4  5

- segja frá upplifun sinni 1  2  3  4  5

**5 Að takast á við ný verkefni/aðstæður**

Tilbúin/n

Varkár

Þarf aðlögnartíma

Fæst ekki til að reyna, er óörugg(ur)

Lýsing:

**6 Hreyfifærni**

- grófhreyfingar

góðar

þarf að efla

- fínhreyfingar

góðar

þarf að efla

**7 Að fara eftir fyrirmælum**

- einstaklingslega

gengur vel

þarf að efla

- í litlum hópi (2-4 börn)

gengur vel

þarf að efla

- í stórum hópi(+5 börn)

gengur vel

þarf að efla

**8 Sjálfshjálp**

Mjög góð

Góð

Þarf að efla

Lýsing:

**9 Meðfylgjandi eru skimanir/prófanir**

TRAS

EFI-2

Hjóm-2

**10 Styrkleikar barns**

Lýsing:

**11 Athugasemdir/ábendingar**

## Liðir 12 til 17 útfyllast fyrir börn sem njóta viðbótar stuðnings

### 12 Sérkennsla/stuðningur vegna

- Frávika í hreyfiproska
- Félagslegra samskipta eða hegðunar
- Líkamlegrar fötlunar
- Frávika í vitsmunaproksa
- Málproska/málhljóða eða boðskiptavanda

Lýsing á sérkennslu/stuðningi:

### 13 Þjálfun hjá fagfólki utan/innan leikskóla

- Iðjuþjálfun
- Sjúkraþjálfun
- Talþjálfun

### 14 Teymisvinna

Var starfandi teymi vegna barnsins?

- Nei
- Já

Í teyminu voru:

Fjöldi teymisfunda á önn

Er mælt með áframhaldandi teymisvinnu?

- Nei
- Já

## 15 Úrræði sem gefist hafa vel

Lýsing:

### 16 Meðfylgjandi skýrslur sérfræðinga/stofnanna

- Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
- Proska- og hegðunarstöðvar ríkisins
- Heyrnar- og talmeinaastöðvar ríkisins
- Talmeinafræðings
- Sálfræðings
- Annarra

### 17 Lyfjataka að staðaldri

- Já
- Nei

Lýsing:

Við undirrituð foreldrar/forsjáraðilar höfum fengið að lesa ofangreindar upplýsingar um barn okkar og höfum fengið vitneskju um að farið verði með þær sem **trúnaðarmál** í leik-/grunnskóla sem barnið mun fara í ; sbr. *Reglugerð um skil og miðlun upplýsingar milli leik- og grunnskóla* (nr. 895/2009 með síðari breytingum frá 5.11.2011).

Einnig staðfestist að ég hef verið upplýst/ur um að leikskólar Reykjavíkurborgar teljast skilaskyldir aðilar á grundvelli 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, reglugerðar um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og samþykkt borgarráðs frá 2006. Það þýðir að leikskólanum er skylt að skila skilaskyldum gögnum um barn þitt til Borgarskjalasafns til varðveislu. Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar á heimasíðu borgarinnar, <https://reykjavik.is/personuverndarstefna>

Reykjavík \_\_\_\_\_

Undirskrift deildarstjóra/sérkennslustjóra

Undirskrift leikskólastjóra


Forsjáraðili fer eitt með forsjá barnsins

Undirskrift forsjáraðila

Undirskrift forsjáraðila

**Þessi hluti er fylltur út af barni og foreldri (valfrjálst)**

Ég heiti \_\_\_\_\_



Teikna sjálfsmynd

Mér finnst skemmtilegt að: \_\_\_\_\_

Vinir mínir heita: \_\_\_\_\_

Í fjölskyldunni minni eru: \_\_\_\_\_

Ég er dugleg(ur) að: \_\_\_\_\_

Mér finnst erfitt: \_\_\_\_\_

Ég er góð(ur) í: \_\_\_\_\_

Mínar tómstundir eru: \_\_\_\_\_

Þegar ég vil segja frá einhverju finnst mér best að: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_